



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Sóttvarnalæknir og Ríkiskaup

Sent með tölvupósti.

Reykjavík, 27. mars 2020

Tilv.: 2003028

Varðar: Umsögn vegna fyrirhugaðrar aðildar Íslands að Evrópusamningi um sameiginleg innkaup á sóttvarnarbúnaði.

I.

Með tölvubréfi, dags. 26. mars 2020, barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning frá Ríkiskaupum f.h. sóttvarnalæknis (Embættis landlæknis) um fyrirhugaða aðild Íslands að Evrópusamningi um sameiginleg innkaup á sóttvarnarbúnaði. Um er að ræða tilkynningu um innkaup í samstarfi við erlend innkaupafyrirvöld á grundvelli 1. mgr. 20. gr. laga nr. 120/2016 um opinber innkaup.

Með vísan til 2. mgr. fyrrgreindrar 20. gr. laga um opinber innkaup er óskað eftir álitum Samkeppniseftirlitsins á því hvort útboðið væri til þess fallið að raska samkeppni á innlendum markaði. Samkvæmt umræddri málsgrein ákvæðisins er álitid ekki bindandi fyrir kaupanda og getur kaupandi lokið útboðinu óháð niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins.

Í tilkynningunni eru viðkomandi innkaup skýrð nánar. Um sé að ræða sameiginleg innkaup á sóttvarnarbúnaði vegna heimsfaraldurs COVID-19 á grundvelli sameiginlegs sóttvarnar innkaupasamnings (Joint Procurement Agreement – specific medical countermeasures for serious crossborder threats to health, JPA). Í samstarfinu felist þátttaka í sameiginlegum kaupum einstakra ríkja EES á hlífðarbúnaði, svo sem hönskum og hlífðarþúningum, plastgleraugum, öndunarvélum og sýnatökubúnaði og öðrum rannsóknarvörubúnaði ásamt tilraunalyfjum og lyfjaprófunum. Fjölmargir innkaupafarlar séu fyrirhugaðir á stuttum tíma og framtíðarinnkaup á sóttvarnarbúnaði geti þurft að fara hratt af stað.¹

II.

Í tilkynningunni kemur fram að um sé að ræða fyrirætlun heilbrigðisráðuneytis fyrir hönd sóttvarnalæknis og heilbrigðisstofnana Íslands að gerast aðilar að framangreindum samningi um sameiginleg innkaup og taka þátt í sameiginlegum innkaupum á

¹ Nánari upplýsingar sé að finna á vefsíðu framkvæmdastjórnar ESB, https://ec.europa.eu/health/preparedness_response/joint_procurement_en. Samstarfið byggir á ákvörðun ráðsins og þingsins nr. 1082/2013/ESB. Umsögn þessi er veitt með fyrirvar um gildissvið 20. gr. laga um opinber innkaup, sbr. 8. gr. laganna og 9. gr. tilskipunar 2014/24/ESB um opinber innkaup.



sóttvarnbúnaði og tækni til varnar COVID-19 heimsfaraldrinum. Komi upp sambærilegar farsóttir í framtíðinni þar sem hröð viðbrögð séu lykilatriði muni samningurinn einnig nýtast, geti birgjar á Íslandi ekki uppfyllt með skömmum fyrirvara þær þarfir sem komi upp.

Evrópuþjóðirnar séu nú í samkeppni við allar þjóðir heimsins um aðgengi að sóttvarnbúnaði, sýnatökupinum, öndunarvélum og lyfjum. Með þátttöku Íslands í sameiginlegum innkaupum Evrópusambandsins ásamt EFTA löndum styrkist aðgengi íslenskra heilbrigðisyfirvalda að stórum birgjum.

Með aðild að JPA samningi um sóttvarnbúnað og þátttöku í sameiginlegum innkaupaferlum sé ekki komið í veg fyrir hefðbundin útboð og innkaup íslenskra heilbrigðisyfirvalda og Íslendingar geti sem áður gert eigin samninga. Heimsfaraldur hefur áhrif, eins og kunnugt sé, á aðgengi birgja að lyfjum, lækningatækjum og smitvarnbúnaði.

Um sé að ræða heimsmarkað og Ísland sé háð innflutningi sem sé eina leið sóttvarnaryfirvalda að því að nálgast birgðir. Samningurinn komi ekki í veg fyrir að íslensk heilbrigðisyfirvöld kaupi inn slíkan búnað hérlandis eftir sem áður séu vörur yfir höfuð í boði hjá birgjum sem bjóða og flytja inn vörur, en mikill skortur hefur verið hjá frumframleiðendum og litlir innkaupaaðilar eins og á Íslandi fá skertar sendingar eða lenda í afhendingartöfum eins og fram hafi komið í fjölmiðlum. Með þátttökunni séu fleiri leiðir færar í aðföngum.

Norðmenn hafi gerst aðilar að JPA þann 20. mars sl. eftir að ljóst hafi orðið að útflutningsbann Evrópusambandsins á tilteknum hlífðarbúnaði til varnar COVID-19 veirunni næði ekki til EFTA-ríkjanna s.s. Noregs og Íslands.²

JPA samkomulagið hafi verið samþykkt af framkvæmdastjórn ESB árið 2014 og tekið gildi í júlí 2015. Fyrri faraldur á H1N1 inflúensu árið 2009 hafi leitt í ljós veikleika á innkaupum Evrópulanda og aðgengi að bóluefnum og lyfjum og var því hafist handa við sameiginlegan samning sem leiddi til JPA.³

Hér sé því um að ræða mál sem snerti þjóðaröryggi og að mati sóttvarnalæknis afar brýnt að tryggja með þessu gott aðgengi að sóttvarnbúnaði.

III.

Samkeppniseftirlitið hefur á undanförunum dögum tekið til skoðunar ýmis mál sem varða viðbrögð fyrirtækja og stjórnvalda við faraldri COVID-19. Í þessu samhengi má benda á ákvarðanir eftirlitsins nr. 11, 12, 13 og 14/2020. Eftirlitið hefur jafnframt birt tilkynningu á vefsíðu sinni þar sem fjallað er um beitingu samkeppnisreglna og samkeppniseftirlits í efnahagserfiðleikum vegna COVID-19.⁴ Með framangreindri ákvörðun nr. 11/2020 veitti stofnunin lyfjadreifingarfyrirtækjum og lyfjaheildsölum undanþágu skv. 15. gr.

² <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/03/19/ESB-nemur-ur-gildi-utflutningsbann-a-laekningavorum-til-EFTA-rikjanna/>

³ Svíþjóð skrifaði undir í febrúar og Pólland í mars 2020. Að auki eiga 26 ESB ríki, sem og Bretland, aðild að samningnum.

https://ec.europa.eu/health/preparedness_response/joint_procurement/jpa_signature_en
https://ec.europa.eu/health/preparedness_response/joint_procurement_en

⁴ <https://www.samkeppni.is/utgafa/i-brennidepli/upplýsingasida-vegna-covid-19>.



samkeppnislaga til þess að bregðast við faraldrinum, s.s. með samnýtingu á starfsfólki og aðstöðu.

Með hliðsjón af öllu framangreindu blasir það við að mati Samkeppniseftirlitsins að fallast megi á það mat stjórnvalda að um sé að ræða skynsamlega ráðstöfun, þ.e. að íslensk stjórnvöld taki þátt í sameiginlegum innkaupum á sóttvarnarbúnaði með Evrópuríkjunum, teljist þörf á því vegna þeirra fordæmalausu aðstæðna sem nú eru uppi vegna COVID-19.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Magnús Þór Kristjánsson